

Erindi flutt á aðalfundi
Sambands almennra lífeyrissjóða
30. október 1989.

**ALMENN VIÐHORF TIL LÍFEYRISSJÓÐA,
HLUTVERK ÞEIRRA OG STAÐA.**

eftir Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóra SAL.

Ágætu fundarmenn.

Spurt er: Hver eru hin almennu viðhorf í dag til lífeyrissjóðanna í landinu og hver er staða sjóðanna í ljósi þeirra viðhorfa?

Fulltrúar á aðalfundi Sambands almennra lífeyrissjóða gera sér að sjálfsögðu fyllilega grein fyrir hlutverki og stöðu sjóðanna. En þrátt fyrir að forráðamenn lífeyrissjóðanna hafa á umliðnum árum oft þurft að leiðrétta ýmsar missagnir um sjóðina og þess vegna staðið í framvarðarsveit þeirra manna, sem láta sig málefni lífeyrissjóðanna eitthvað varða, er nauðsynlegt að reifa málið enn á ný á þessum vettvangi. Ástæðan getur verið sú að þó reynt hafi verið að andæfa nokkuð vegna hins þunga áróðurs í garð sjóðanna að undanfögnu hefur varnarbaráttan oft á tíðum reynst máttlaus og ómarkviss.

Hvers vegna hefur á undanfögnu misserum andað verulega köldu í garð lífeyrissjóðanna? Vissulega hefur oft og tíðum gætt neikvæðra viðhorfa til lífeyrissjóðakerfisins, en ég fullyrði að umræðan hefur aldrei verið eins neikvæð, aldrei verið eins gagnrýninn tónn í umræðunni, eins og að undanfögnu.

Það er að vonum að spurt sé, hvers vegna hin neikvæða umræða um sjóðina hafi átt svo greiðan aðgang að almenningi í landinu og að fjölmiðlum og þar með að mótun almenningsálitsins.

Því miður virðist í umræðunni oft um að ræða mjög djúpstæðan miskilning um hlutverk og stöðu lífeyrissjóðanna. Í þessu erindi verður leitast við að svara þeim atriðum, sem helst virðast koma af stað hinni neikvæðu umræðu. Hinu er þó ekki að neita að í mínum huga er aðalatriðið að skapa jákvæða ímynd um lífeyrissjóðina. Ímynd að lífeyrissjóðirnir séu nauðsynlegar stofnanir í nútímapjóðfélagi. Stofnanir sem séu hagkvæmar í rekstri og með trausta fjárhagslega undirstöðu. Lífeyrissjóðir sem greiði viðunandi viðbótarlífeyrir á efri árum, en séu jafnframt samtrygging sjóðfélaga, þegar áföll verða í lífinu, s.s. vegna andláts eða langvarandi veikinda. Þá er ekki síður mikilvægt að almenningur setji lífeyrissjóðina í viðara samhengi í hinu efnahagslega umhverfi þjóðfélagsins. Lífeyrissjóðirnir séu einstakt sparnaðarform starfandi manna, að þeir séu innlendu almennur skyldusparnaður, sem geti komið í veg fyrir gifurlega

erlenda skuldasöfnun. Lífeyrissjóðir sem veiti fé til húsnæðismála og til atvinnuuppbyggingar og geti því skotið styrkum stöðum undir þróun íslensks efnahagslífs og sjálfstæði þjóðarinnar. Lífeyrissjóðir sem stuðli að auknum hagvexti, sem séu þegar fram líða stundir þrátt fyrir allt traustasta undirstaða lífeyrisbóta.

Enn er spurt: Hvernig stendur á þessum þunga áróðri í garð lífeyrissjóðanna? Hvernig stendur á því að nú á síðustu misserum hefur nánast safnast saman í einn brennipunkt og brotist út langvarandi óánægja með starfsemi og hlutverk lífeyrissjóðanna í landinu? Ekkert einhlítt svar er að sjálfsögðu til, en fjölmargir orsakabættir virðast hins vegar valda þessari óánægju. Þó áróðurinn sé neikvæður er þó varla hægt að fullyrða að hann sé alltaf ósanngjarn, þar sem hann byggir oft á misskilningi, sem nauðsynlegt er að leiðrétta. Oft á tíðum er jafnvel ekki rétt að tala um áróður í þessu sambandi, miklu frekar gagnrýni, sem stundum byggir, eins og áður segir á djúpstæðum misskilningi eða vankunnáttu um hlutverk og stöðu sjóðanna.

Ég mun því hér á eftir fjalla um þá þætti, sem oftast eru í umræðunni og valda iðulega úlfúð í garð sjóðanna.

Fyrst er til að taka að flestir landsmenn telja þrátt fyrir allt að núverandi tryggingakerfi sé sjálfsagður þáttur í íslensku þjóðfélagi. Hins vegar leggur almenningur ekki eins mikla áherslu á hinar sögulegur forsendur, sem lágu að baki stofnun lífeyrissjóðanna. Þannig hafa menn annað hvort gleymt eða leggjá minni vigt á þær staðreyndir, að velferðin, almannatryggingar, heilbrigðiskerfið, skólarnir og lífeyrissjóðirnir, svo fátt eitt sé nefnt, hefur þrátt fyrir allt, ekki alltaf verið talinn sjálfsagður hlutur í íslenskri þjóðfélagsgerð. Sjálfsögðu hlutirnir í nútímapjóðfélagi vekja þess vegna ekki þær kenndir í hugum fólks, að hér sé um að ræða þá þætti velferðarþjóðfélagsins, sem ber að sýna sérstaka rækt og umhyggju og sem ber að hlúa að og endurbæta með skynsamlegri umfjöllun. Þess vegna er það svo að hin hliðin á velferðarþjóðfélaginu sýnir þá nóturlegu staðreynd, að almenningur, fólkið í landinu, hefur fjarlægst lífeyrissjóðina, og þær sögulegur forsendur, sem lágu að baki stofnun þeirra.

Því er oft haldið fram að réttindakerfi lífeyrissjóðanna sé mjög flókið og það sé ógjörningur fyrir allan þorra almennings að komast í gegnum þann frumskóg. Þá séu lífeyrissjóðirnir alltof margir og kostnaður við rekstur þeirra og stjórnun mjög hár. Lífeyrissjóðakerfið sé í reynd stjórnlaust og lífi orðið sjálfstæðu lífi í íslensku efnahagskerfi. Kerfið skattleggi launafólk með sérstökum iðgjöldum, haldi uppi okurvöxtum, greiði smánarlegan lífeyri og lofi meiru en það geti staðið við.

Það kann að vera að mörgum finnist þessi lýsing máluð helst til sterkum litum. Auðvitað er hún það, en umræðan um lífeyrissjóðina í fjölmiðlum er því miður af þessum toga.

Hvað varðar þá gagnrýni að lífeyrissjóðirnir séu alltof margir og að lífeyrisréttindin séu mismunandi hjá sjóðunum, þá er því til að svara að lífeyrissjóðirnir voru í upphafi settir á stofn með frjálsu samkomulagi verkalyðsfélaga og atvinnurekenda. Menn mega ekki gleyma þessari forsögu sjóðanna. Lífeyrissjóðirnir hafa almennt ekki orðið til vegna einhvers lagaboðs að ofan, heldur eru sjóðirnir bein afleiðing frjálsra kjarasamninga. Starfshópar eða stéttarfélag setja fram kröfur um aukin lífeyrisréttindi, umfram þann lágmarksrétt, sem stjórnvöld ákvarða á hverjum tíma með grunnlífeyri og tekjutryggingu almennatrygginga.

Þessi réttur heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins að semja um betri lífeyriskjör, þ.á.m. með tilstuðlan lífeyrissjóðanna, er sá raunveruleiki sem við blasir. Umræður og ákvarðanatöku um starfsemi og hlutverk lífeyrissjóðanna verður alltaf á samningsborði aðila vinnumarkaðarins, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Þess vegna er allt tal um að allir launamenn skuli njóta sömu lífeyrisréttinda úr lífeyrissjóðum byggt á þeim grundvallarmisskilningi að þau réttindi eru kjaraatriði, sem um er samið milli aðila vinnumarkaðarins. Það er hins vegar hægt að taka undir þá skoðun að lífeyrisréttindi sjóðanna séu misjöfn og að í slíku felist misrétti þegnanna. Allir vita um þau hagstæðu lífeyrisréttindi, sem opinberum starfsmönnum og bankamönnum eru tryggð. Hitt er ekki síður umhugsunarvert að lífeyrissjóðir innan ASÍ eru og hafa verið misjafnlega í stakk búinir að standa við sínar lífeyrisskuldbindingar. Þar koma inn í ýmsir þættir, s.s. hvernig aldurssamsetning sjóðfélaga er, hverjir eru vaxtamöguleikar þeirrar atvinnugreinar, sem sjóðfélagar vinna við, hver er stærð viðkomandi lífeyrissjóðs o.s.frv. Margir spyrja þess vegna, hvort hægt sé að ætlast til þess að launþegi greiði í vonlausan lífeyrissjóð, ef svo má að orði komast, þ.e. sjóð sem á sér enga vaxtamöguleika eða framtíð? Því er til að svara að samkvæmt lögum á launþegi ekki valfrelsi að velja sér lífeyrissjóð, hann skal hins vegar greiða í lífeyrissjóð viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Hins vegar hefur launþegi að sjálfsögðu möguleika á að velja sér starf eða vinnustað, sem síðan ákvarðar lífeyrissjóðsaðildina. Á þessar augljósu staðreyndir er minnst, vegna þess að skilningurinn á því umhverfi, sem lífeyrissjóðirnir eru sprotnir upp úr virðist oft vefjast fyrir mönnum.

Það er hins vegar hægt að taka undir þau sjónarmið að lífeyrissjóðirnir í landinu séu alltof margir og þeim ber að fækka. Í því sambandi er vert að geta frumvarps til laga um starfsemi lífeyrissjóða, sem eins og kunnugt er, var samið að tilstuðlan aðila vinnumarkaðarins, en hefur legið óhreyft í rúm tvö ár í skúffu þriggja fjármálaráðherra.

Ef frumvarp þetta nær fram að ganga mun það hafa í för með sér umtalsverða fækkun lífeyrissjóðanna. Um 85 lífeyrissjóðir eru skráðir í landinu en þeim hefur þó frekar farið fækkandi á undanförunum árum, - voru t.d. um 100 fyrir áratug eða svo. Enginn nýr lífeyrissjóður hefur verið stofnaður eftir 1978. Þrátt fyrir fjölda lífeyrissjóðanna er það þó svo að 5 stærstu sjóðirnir eru

með um 45% af heildareignum lífeyrissjóðanna í landinu og 20 stærstu sjóðirnir eru með um 75% af heildareignunum. Þær staðreyndir einfalda nokkuð myndina. Ég vil í þessu sambandi sérstaklega fagna frumkvæði norðanmanna, en á þingi Alþýðusambands Norðurlands, sem haldið var í september s.l. var samþykkt að vinna að sameiningu lífeyrissjóðanna á Norðurlandi. Í ályktun þingsins segir að sameiningin skuli hafa það að markmiði að stofnaður verði einn öflugur lífeyrissjóður, sem nái til alls Norðurlands og taki a.m.k. til allra þeirra launamanna á Norðurlandi, sem starfa á samningssviði ASÍ. Ég fagna þessari samþykkt fyrst og fremst vegna þess að hún byggir á mjög sérstæðu frumkvæði heimamanna. Hér er því ekki um að ræða lögbvingaða ákvarðanatöku.

Að undanfögnu hefur verið fjallað nokkuð um í fjölmiðlum um kostnað við rekstur sjóðanna, en sá kostnaður er, eins og kunnugt er, oft borinn saman við iðgjaldatekjur þeirra. Hvað varðar mismunandi háan rekstrarkostnað sjóðanna með hliðsjón af iðgjaldatekjum, þá er það að sjálfsögðu svo að eftir því sem færri sjóðfélagar greiða iðgjöld til viðkomandi lífeyrisjóðs, þeim mun hærri verður hlutfallslegur rekstrarkostnaður. Þessar staðreyndir hafa vitaskuld alltaf legið fyrir bæði hjá lífeyrissjóðunum, bönkum, sparisjóðum, sveitarfélögum eða annars staðar, þar sem hagkvæmni stærðarinnar lækkar rekstrarkostnaðinn. M.a. af þeim ástæðum hefur lífeyrissjóðum farið fækkandi, - litlir lífeyrissjóðir hafa sameinast stærri sjóðum. Í raun og veru er ekkert því til fyrirstöðu að þessi þróun haldi áfram. Ef launamenn í litlu verkalyðsfélagi eða byggðarlagi vilja hins vegar þrátt fyrir allt halda starfsemi lífeyrissjóðs áfram, er ekkert sem kemur í veg fyrir það, svo fremi sem iðgjöld og ávöxtun standa undir lífeyrisskuldbindingum framtíðarinnar. Ef aftur á móti sjóðfélagar standa frammi fyrir þeirri staðreynd að þurfa að greiða hærri iðgjöld eða njóta minni lífeyrisréttinda vegna of mikils rekstrarkostnaðar eða vegna þess að aldurssamsetning sjóðfélaga hefur í för með sér gífurlega lífeyrisgreiðslubyrði, mun sú þróun örugglega halda áfram að litlar og óhagkvæmar rekstrarstærðir verða lagðar niður.

Ég gat um það áðan, að ef frumvarp til laga um starfsemi lífeyrissjóða næði fram á ganga á Alþingi, mundi ákvæði frumvarpsins hafa í för með sér umtalsverða fækkun lífeyrissjóðanna. Ég ætla ekki að fjalla um einstök ákvæði frumvarpsins, en vek þó athýgli á því að gerðar eru mjög stífar kröfur til þeirra lífeyrissjóða, sem ætla sér að starfa áfram eftir gildistöku laganna. Eftir tryggingafræðilegt uppgjör verður lífeyrissjóður að grípa til raunhæfra ráðstafana, ef eignir hrökkva ekki á móti lífeyrisskuldbindingum. Slíkar ráðstafanir geta verið fólgnar í aukningu eigna, skerðingu réttinda eða öflun tekna. Á þetta er minnst því frestur á framlagningu frumvarpsins er orðinn óþolandi. Í núverandi ástandi er frekar hjákátlegt að lífeyrissjóðir skuli leggja mjög mikla áherslu á og nánast ofurþunga, að fram fari tryggingafræðileg athugun á starfseminni, þegar sú staðreynd er ljós í upphafi að sjóðstjórnir munu ekki grípa til neinna ráðstafana, fyrr en umrætt frumvarp nær fram að

ganga á Alþingi.

Oft heyrast raddir þess efnis að eðilegast sé að stofna einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Það virðist oft vera feimnismál hjá lífeyrissjóðamönnum að ræða þá hugmynd. Slíkt er óþarfi. Sú hugmynd er reyndar ekki ný af nálinni og í alla staði umhugsunarverð. Því miður virðist þó margt benda til þess að sú leið sé torsóttari en halda má við fyrstu sýn.

Í fyrsta lagi skal áréttað að lífeyrissjóðirnir eru sprotnir upp úr frjálsu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins, oft eftir langar og strangar samningaviðræður og vinnudeilur. Þó að takist að koma á einum lífeyrisjóði fyrir alla starfandi menn, bendir flest til þess að ýmsar stéttir og starfshópar muni innan tíðar knýja á um stofnun sjóða, sem veita munu betri lífeyrisréttindi en lífeyrisjóður allra landsmanna gæti veitt. Þess vegna er engin tryggingin fyrir því að einn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn muni í fyllingu tímans hafa í för með sér fækkun lífeyrissjóðanna. Vissulega er hægt með lagaboði að banna mönnum að ná frjálsu samkomulagi um betri lífeyrisréttindi, - en allar líkur er á því að slíkt lagaboð mundi ekki halda þegar fram líða stundir.

Í öðru lagi er ljóst að miklum vandkvæðum er bundið að marka slíkum allsherjarsjóði lífeyrisréttindi sem allir landsmenn mundu setta sig við. Eins og áður er getið njóta opinberir starfsmenn og bankamenn lífeyrisréttinda, sem eru langtum betri en aðrir launamenn eiga kosta á. Réttindin eru í reynd svo góð að í heild hefur þjóðfélagið ekki efni á því að veita öllum starfandi mönnum sambærileg lífeyrisréttindi. Við stofnun eins lífeyrissjóðs fyrir alla landsmenn þyrfti því að skerða lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna og bankamanna verulega og færa þau á sama grunn og hjá öðrum launþegum. Svo segir minn hugur að sú leið verði bæði torsótt og erfið.

Í þriðja lagi er ljóst að þeir sem mundu veljast í stjórn lífeyrissjóðs allra landsmanna, fengju í hendur gífurlegt fjármálalegt vald, sem vandfarið væri að fara með. Væntanlega yrði stjórn þess sjóðs kosin af Alþingi. Hún mundi vera undirgefin stjórnvöldum á hverjum tíma og hætta á pólitískum hrossakaupum mundi aukast að sama skapi. Kosturinn við núverandi lífeyrissjóðakerfi liggur einmitt í dreifingu hins fjármálalega valds vítt og breytt um byggðir landsins. Þá eru allar líkur á því að lífeyrissjóður allra landsmanna yrði með bækistöðvar í Reykjavík. Þjónusta við landsbyggðarfolk yrði í lágmarki, nema að starfrækt yrðu sérstök umboð vítt og breytt um landið. Ofan á allt annað yrði því hin rekstrarlega hagkvæmni næsta lítil, þegar upp væri staðið.

Í hinni neikvæðu umræðu um lífeyrissjóðina hefur enn á ný skotið upp kollinum þeirri hugmynd að breyta lífeyrissjóðunum í svokallað gegnumstreymissjóði. Förum yfir það aðeins, hvað það þýðir. Það merkir einfaldlega að iðgjöld þeirra, sem greiða í sjóðina í dag eru notuð beint til að greiða núverandi lífeyrisþegum eftirlaun.

Ljóst er að ef taka á upp slíkt gegnumstreymi, mætti lækka iðgjöldin verulega til að byrja með, þar sem kerfið byggir ekki á uppsöfnun fjármagns.

Í reyndinni var gegnumstreymiskerfið sérlega vinsælt meðal ríkisstjórna víða um heim eftir seinni heimstyrjöldina. Ljóst er hins vegar að kerfið býður upp á svokallaðan "keðjubréfatarald". Þeir sem fyrstir njóta lífeyrisins þurfa lítið sem ekkert að greiða til sjóðanna og eftirlaunin verða eins og himnasending fyrir þá.

Nú er hins vegar öldin önnur. Sami eða minnkandi fjöldi iðgjaldagreiðenda og vaxandi fjöldi lífeyrisþega hefur í för með sér að þetta gegnumstreymi getur ekki gengið nema að hækka verulega iðgjöld sem hver starfandi maður greiðir. Hér á landi hefur frjósemi minnkar jafnt og þétt síðustu áratugin. Frjósemi er mæld í fjölda barna sem hver kona eignast um ævina. Frjósemin hér á landi var 4,2 á árunum 1956-60, 1970 var hún 2,8 og 1,9 árið 1985. Í nágrannalöndunum hefur frjósemin minnkað enn frekar og er nú á bilinu 1,3 til 1,7 í mörgum þeirra. Í Bandaríkjunum er því spáð að um árið 2055 verði aðeins tveir vinnandi menn fyrir hvern eftirlaunaþega. Í Vestur-Þýzkalandi er talað um að árið 2030 verði næstum einn lífeyrisþegi á hvern vinnandi mann. Árið 1984 voru 10,2% Íslendinga 65 ára og eldri, en samkvæmt spám verða þeir 17,9% árið 2023. Á sama tíma sem frjósemi hefur minnkað hafa lífslíkur hins vegar aukist.

Því er ljóst að gegnumstreymiskerfi á sér enga framtíð, hvorki hér á landi né erlendis. Íslenska lífeyrissjóðakerfið byggir, eins og kunnugt er, á uppsöfnun. Það merkir að hver kynslóð leggur til hliðar í lífeyrissjóð fyrir sig. Reyndar er slíkur kerfisbundinn sparnaður mjög mikilvægur íslensku þjóðfélagi. Heildareignir lífeyrissjóðanna eru nú í dag áætlaðar um 80.000 milljónir króna og slaga verulega upp í erlendar skuldir þjóðarinnar. Lífeyrissjóðirnir fjármagna nú að mestum hluta húsnæðiskerfið og auðvelda að öðru leyti fjármögnun til nauðsynlegra framkvæmda í þjóðfélaginu. Ef lífeyrissjóðirnir hefðu ekki svigrúm eða getu til að taka að sér þessa fjármögnun, lægi beinast við hjá stjórnvöldum að auka skattbyrðina til að afla fjármagns til þessara framkvæmda eða að öðrum kosti að auka við erlenda skuldaföfnun þjóðarinnar.

Vissulega er sú hættu fyrir hendi að söfnunarsjóðirnir muni tæmast eftir nokkra áratugi, ef ekkert verður aðgert. Frumvarp til laga um starfsemi lífeyrissjóða mun þó leiðrétta reiknigrundvöll sjóðanna. Hvað sem því líður er hins vegar ljóst að gegnumstreymiskerfi lífeyrissjóða á sér fáa formælendur, sem betur fer, enda hniga öll rök að því að sjóðsmyndandi lífeyriskerfi sé skynsamlegasti kosturinn bæði hér á landi og erlendis.

Eins og kunnugt er hafa þær raddir verið háværar að best væri að leggja lífeyrissjóðina niður í núverandi mynd, en í þess stað greiði sjóðfélagar iðgjöld sín inn á einkareikninga í bönkum. Greiða skuli lífeyri eins lengi og innistæðan á bankabókinni endist, - en alls ekki lengur. Við upphaf lífeyristökunnar verða

menn sem sé að gera upp við sig, hvaða lífslíkur menn telja sig hafa, þ.e.a.s. í hversu langan tíma greiðslurnar eigi að endast. Ég hef sagt það áður að slíkt veðmál um lífslíkur séu í hæsta máta ógeðfellt og niðurlægjandi hverjum einstaklingi. Þessar skoðanir hafa heyrst hjá ýmsum forráðamönnum verðbréfasjóða og fjárfestingafélaga, svo og hjá einstökum þingmönnum í atkvæðaleit, sem m.a. hafa lagt fram frumvörp um svipað efni.

Við þessari "bankabókahugmynd" hefur SAL brugðist við m.a. með því að vekja athygli á þeirri staðreynd að lífeyrissjóðirnir séu samtryggingarkerfi sjóðfélaga, sem m.a. felist í því að þeir sem njóta örorku-, maka- eða barnalífeyris fái almennt langtum hærri lífeyri en sem nemur greiddum iðgjöldum til viðkomandi lífeyrissjóðs.

Við höfum sagt: Um 1700 sjóðfélagar með um 400 börn njóta t.d. örorku- og barnalífeyris hjá SAL-sjóðunum. Hætt er við að örorku- og barnalífeyrir yrði rýr, ef eingöngu ætti að miða við greidd iðgjöld bótaþeganna. Íslensku lífeyrissjóðirnir eru ekki bara bankabók. Þeir eru langtum meira. Þeir eru samtrygging sjóðfélaga.

Af öllum þeim hugmyndum, sem að undanfögnu hafa komið fram í fjölmiðlum um breytingar á lífeyrissjóðakerfinu, er sú hugmynd fáránlegust að breyta lífeyrissjóðunum í 150 þúsund bankareikninga. Auk þess sem talsmenn hennar lofa með ýmsum gylliboðum raunávöxtun sem er langt umfram getu íslensks þjóðfélags, t.a.m. 15% raunávöxtun í 30 ár, þá er hitt ekki síður umhugsunarvert að með framkvæmd hennar væri verið að kasta samtryggingunni fyrir róða. Lífeyrissjóðirnir og heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins verða að bregðast mjög hart við þessum lævísu áróðri og kveða þennan ófögnuð niður í eitt skipti fyrir öll. Þessi áróður hefur hins vegar breiðst hratt út og þess vegna er alveg sérstök ástæða til að kveða hann rækilega niður.

Á síðasta vetri spunnust umræður um vexti lífeyrissjóðanna og því haldið fram að lífeyrissjóðirnir héldu uppi óeðlilega háu vaxtastigi í landinu. Það væri sem sé ekki nóg að sjóðirnir væru nánast gjaldþrota og gætu ekki staðið við lífeyrisskuldbindingar sínar, heldur stunduðu þeir eins konar okurlánastarfsemi í skjóli vaxtafrelsis. Mjög rækilega er vikið að þessum þætti í starfsskýrslu SAL, sem liggur frammi á þessum fundi. Rétt er þó að taka fram að framkvæmdastjórn SAL skipaði nefnd hagfræðinga í marsmánuði s.l. til að kanna hvort lækkun á vöxtum af skuldabréfum lífeyrissjóðanna af Húsnæðisstofnun myndi hafa áhrif á vaxtaþróun hins almenna fjármagnsmarkaðar. Er skemmst frá því að segja að nefndarmenn voru einhuga um þá niðurstöðu að miðað við óbreyttar reglur í viðskiptum Húsnæðisstofnunar og lífeyrissjóðanna, þar sem ákveðnum hluta ráðstöfunarfjár væri varið til skuldabréfakaupa, sé afar ólíklegt að vaxtalækkun þar hafi bein áhrif á raunvexti almennt. Lífeyrissjóðirnir ákveða ekki vextina í landinu, þeir eru ekki gerendur á því sviði, heldur miklu frekar þolendur. Fortíðarvandi lífeyrissjóðanna á tímabili neikvæðrar raunávöxtunar

nemur tugum milljarða króna. Sjóðirnir höfðu ekki þá, frekar en í dag, áhrif varðandi mótun vaxtastefnunnar eða þróun hennar. Við höfum sagt: Auðvitað hafa forráðamenn lífeyrissjóðanna miklar áhyggjur af alltof háum raunvöxtum, sem sliga allan rekstur undirstöðuatvinnuveganna í landinu og stefna í hættu atvinnuöryggi þúsunda fjölskyldna. Ef lífeyrissjóðirnir væru beinir þátttakendur við mótun vaxtastefnunnar, líkt og bankar og stjórnvöld, stæði ekki á þeim að lækka vexti, ekki síst ef slíkt gæti flýtt fyrir almenntri lækkun vaxta, sé hún á annað borð talin framundan. Því miður eru lífeyrisjóðirinnir þolendur á þessu sviði efnahagsmála, eins og dæmin reyndar sanna. Hins vegar er ekki að neita að sá áróður að ef lífeyrissjóðir lækkuðu vexti einhliða að þá mundi fjármagnsmarkaðurnn fylgja á eftir, hefur náð eyrum fjölmargra og átt þátt í þeirri neikvæðu umræðu, sem farið hefur fram um stöðu og hlutverk sjóðanna.

Í þessu erindi mínu hef ég þrúfaldlega spurt, með hvaða hætti hægt er að bregðast við hinum neikvæða áróðri, þessum neikvæða tón í garð lífeyrissjóðanna. Hvernig er hægt að endurskipuleggja vígstöðuna á ný og sækja fram og skapa þessa jákvæðu ímynd í garð sjóðanna.

Því er til að svara að lífeyrisjóðirnir verða að skapa sér traust meðal þjóðarinnar. Það verður að leiðrétta reiknigrundvöll sjóðanna á þann veg að iðgjöld og ávöxtun standi undir lífeyrisloforðum. Það verður að knýja á um að frumvarp til laga um starfsemi lífeyrisjóða nái fram að ganga á Alþingi. Það verður að koma á skilvirku lífeyrissjóðaeftirliti, með hliðstæðum hætti og eftirlit er nú með bönkum og sparissjóðum.

Þá er ekki síður nauðsynlegt að stjórnvöld viðurkenni þá staðreynd að hlutverk lífeyrisjóðanna sé að greiða viðbótarlífeyrir við þann almenna lífeyri, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir. Sú tilhneiging undanfarandi ára að minnka vægi grunnlífeyris almannatrygginga með tekjutryggingarákvæðum er öfugþróun, sem verður að snúa við. Það er gjörsamlega óþolandi að skattleggja eða skerða heildarbætur sjóðfélaga lífeyrissjóðanna með þessum hætti. Með því að tekjutengja grunnlífeyri almannatrygginga er verið að setja bætur almannatrygginga á bekk með ölmusubótum eða fátækra styrk. Starfandi menn verða að sjá einhvern tilgang eða hag í því að greiða iðgjöld í lífeyrissjóði. Með því að tekjutengja lífeyri almannatrygginga, þannig að greiðslur úr lífeyrissjóðum skerði jafnvel grunnlífeyririnn, er auðvitað verið að grafa undan starfsemi og hlutverki lífeyrissjóðanna.

Þá er ekki síður áhyggjuefni sú skattaárátta stjórnvalda, sem nú á sér stað í lífeyriskerfinu. Iðgjöld launþega í lífeyrissjóði eru skattlögð, en auk þess eru lífeyririnn skattskyldur. Þá eru skerðingar ákvæði tekjutryggingar og heimilisuppbótar gagnvart lífeyrissjóðunum ekkert annað en dulbúin skattlagning. Það er í raun og veru skiljanlegt að almenningur hafi takmarkaða trú á gildi lífeyrissjóðanna við þessar aðstæður, þegar stjórnvöld reyna leynt og ljóst grafa undan starfsemi sjóðanna með þessum hætti.

Í þessu erindi mínu hef ég tínt til helstu ástæður þess að lífeyrissjóðakerfið eigi undir högg að sækja. Ýmislegt fleira vil ég nefna. Ég hef verið talsmaður þess að lífeyrissjóðirnir hætti beinum lánveitingum til sjóðfélaga. Lán til einstaklinga eigi heima í bankakerfinu, en lífeyrissjóðirnir eigi að vera eins konar heilðsöluaðilar á fjármagni, m.a. til fjárfestingalánasjóða og húsnæðislánakerfisins. Með háum raunvöxtum lífeyrissjóðalána og stórhækkuðum lánsfjárhæðum íbúðalánasjóðanna, hefur verulega dregið úr þessum beinu lánveitingum til sjóðfélaga og eru þær ekki nema svipur hjá sjón miðað við það sem áður var. Vel má vera að þess vegna hafi einhver tengsl rofnað milli sjóðfélaganna og lífeyrissjóðanna. Sjóðfélagar hafi sem sagt getað sætt sig við að greiða iðgjöld til sjóðanna og fengið þess í stað lífeyrissjóðslán, oft með vöxtum langt undir verðbólguþinginu.

Ég nefni fleiri atriði. Með tilkomu laganna um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum sem sett voru í sömu andrá og almennu lífeyrisjóðirnir voru stofnaðir, var ákveðið að tryggja mönnum, sem þá voru 55 ára eða eldri, umtalsverð lífeyrisréttindi. Á sínum tíma voru allir sammála markmiðum þessarar lagasetningar og mér er til efs að nokkur mæli á móti því að sannfærandi rök hafi ekki legið fyrir þessari lagasetningu. Hins vegar er ókosturinn sá, að þeir sem síðar komu í aldri, voru fæddir 1915 eða síðar, og áttu ekki rétt á lífeyri samkvæmt lögnum, sáu ekki í samanburðinum við þá eldri, að þeir hefðu haft neinn hag af iðgjaldagreiðslum sínum til lífeyrissjóða. Í slíkum samanburði er skuldinni oft skellt að tilefnislausu á lífeyrissjóðina. Fleiri orsakavaldi fyrir megnri óánægju með lífeyrissjóðina má tína til. Á sama tíma og verulegur samdráttur og atvinnuleysi er í þjóðfélaginu, eru lífeyrissjóðirnir í óða önn að auglýsa hækkun iðgjalda í áföngum, þannig að í upphafi næsta árs verði iðgjöld tekin af öllum launum. Slíkt veldur vissulega óánægju á samdráttartímum. Má ég í lokinn nefna eitt viðkvæmt atriði. Á sama tíma og nauðsynlegt er að bæta ímynd sjóðanna gagnvart almenningi, halda samtök lífeyrissjóðanna opna ráðstefnu og þjóða fréttamönnum, þar sem aðalviðfangsefnið er svokallaður fortíðarvandi sjóðanna. Þar er tilkynnt að væntanlega vanti milli 10 til 60 milljarðar króna til að sjóðirnir geti staðið við lífeyrisloforð sín! Auðvitað á að ræða fortíðarvanda sjóðanna, en í framtíðinni er hann hins vegar ekki aðalatriðið og síst af öllu eiga forráðamenn lífeyrissjóðanna að koma fram í fjölmiðlum með grátstafinn í kverkunum og tilkynna að eiginlega sé allt að fara til fjandans hjá lífeyrissjóðunum.

Ég vil í lok þessa erindis benda á einn þátt í starfseminni, sem lífeyrissjóðirnir og aðilar vinnumarkaðarins hafa full tök á og þar á ég við fræðslu og kynningarstarfsemi um hlutverk og stöðu lífeyrissjóðanna. Útgáfa bæklinga og annars fræðsluefnis er nauðsynlegur þáttur í þeim efnum, svo og auglýsingar í fjölmiðlum. Ég tel hins vegar mjög knýjandi að frumkvæði komi ekki síður frá grunneiningunum sjálfum, t.d. frá verkalyðsfélögnum, með aukinni og skilvirkari fræðslu á trúnaðarmannanámskeiðum og með félagsfundum og sérstökum fræðsludögum í öllum landshlutum. Sem fyrsta skref í þessa átt hefur SAL og Menningar- og fræðslusamband

alþýðu, MFA, nú nýverið tekið höndum saman að undirbúa frekari fræðsluáttak í þessum efnum og á morgunn verður haldin ráðstefna meðal starfsfólks SAL-sjóðanna, þar sem fjallað verður um fræðslu á trúnaðarmannanámskeiðum, innhald þess og framkvæmd. Eg vil hins vegar árétta þá skoðun mína að þó lífeyrissjóðirnir hafi vissulega skyldur varðandi fræðslu- og kynningarstarfsemi um lífeyrisréttindi, þá er ekki óeðilegt að krafturinn og undirtónninn í slíku fræðsluáttaki komi fyrst og fremst frá samtökum aðila vinnumarkaðarins. Hins vegar er öll viðspyrna erfið og hætt er við að fræðslan verði síður en svo sannfærandi, þegar reiknigrundvöllur lífeyrissjóðanna er rangur, á meðan þeir lofa meira en þeir geta staðið við. Því er áréttuð nauðsyn þess að heildarlöggjöf um starfsemi sjóðanna nái fram að ganga á Alþingi, og að ímynd sjóðanna breytist þannig að þeir séu traustsins verðir.

Ágætu fundarmenn.

Eg hef í þessu erindi farið vítt og breitt um sviðið og leitast við að svara þeirri spurningu, hvað mótar helst viðhorf almennings til lífeyrissjóðanna, - hver er staða þeirra og hlutverk.

Lífeyrissjóðamálefningin koma nánast inn á flest svið íslenskra efnahagsmála og þjóðlífs. Almenninngur þessa lands á því kröfu á að lífeyrissjóðirnir séu traustar stofnanir, sem geti í framtíðinni staðið við gefin lífeyrisloforð. Því er nauðsynlegt að Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og aðildarfélag heildarsamtakanna, ásamt SAL og lífeyrisjóðunum taki höndum saman og verji tilvist sjóðanna, m.a. með því að skapa þá jákvæðu ímynd að lífeyrissjóðirnir séu þrátt fyrir allt nauðsynlegar stofnanir í nútímapjóðfélagi.

ooo00ooo